

131. löggjafarþing 2004-2005.
Þskj. 313 – 290. mál.

Fyrirspurn

til heilbrigðismálaráðherra um húðflúrsmeðferð eftir brjóstakrabbamein.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

Munnlegt svar.

Virðulegi forseti!

Háttvirtur 4. þingmaður Reykjavíkur suður, Ásta R. Jóhannesdóttir, spyr:

"Hvað líður ákvörðun um greiðsluþátttöku heilbrigðiskerfisins í húðflúrsmeðferð í kjölfar aðgerðar vegna brjóstakrabbameins?"

Húðflúrsmeðferð er af mörgum talin góð aðferð til að ná eðlilegu útliti, þegar brjóst eru endurhönnuð eftir aðgerðir vegna brjóstkrabbameins. Lýtalæknar framkvæma þessar aðgerðir fyrst og fremst. Það er þó ekki einhlýtt að húðflúrsmeðferð sé eina aðferðin í þessum tilvikum.

Húðflúrsmeðferð hefur komið til tals á fundum samninganefndar heilbrigðisráðuneytisins og lýtalækna. Þar hefur komið fram að lýtalæknar hafa fengið húðflúrsmenn til þess að framkvæma þessar meðferðir á stofum lýtalækna, ef konur hafa sérstaklega óskað eftir því. Ljóst er að meðferðin er ekki alveg hættulaus þar sem uppfylla verður ströngustu kröfur um hreinlæti á viðkvæmum líkamshluta auk þess sem meðferðaraðilinn er ekki heilbrigðisstarfsmaður.

Þessum viðræðum samninganefndar við lýtalækna hefur lokið á þann hátt að nefndin hefur ekki treyst sér til að gera samning um þennan meðferðarþátt þar sem of mörg vafaatriði eru á ferðinni:

1. Tryggingastofnun gerir ekki samning um aðgerðir sem ekki eru framkvæmdar af viðurkenndu heilbrigðisstarfsfólki.
2. Ísetning litarefna í húð, sem þarf að endurnýja með jöfnu millibili, krefst umhverfis skurðstofu læknis og þar með fyllsta hreinlætis, en ekki aðgerðarstofu húðflúrsgerðarmanns.
3. Aðgerðin er fremur fegrunar- frekar en lýtaaðgerð og lýtur ekki að betra heilbrigði.

Síðan þar svo við að tilboð barst frá hjúkrunarfræðingi, sem fengist hefur við húðflúrsmeðferðir, um að taka að sér framkvæmd þessara aðgerða. Samninganefndin átti nokkra fundi með þessum aðila ásamt umboðsmanni hans, en verðhugmyndir þeirra voru svo fjarri öllu lagi að ekki þótti verjandi að semja um þetta að svo stöddu.

(Talað orð gildir)